



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 28. apríl 2016.

Breytingar á reglugerð KSÍ um ferðapátttökugjald

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 22. apríl sl. var samþykkt breyting á reglugerð KSÍ um ferðapátttökugjald. Um er að ræða smávægilega breytingu á bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar um að nettókostnaður vegna ferðapátttökugjalds umfram kr. 75.000 á lið verði greiddur af KSÍ. Breytingin felst í því að ákvæðið verður ótímabundið og gildir nú þar til annað verður ákveðið. Bráðabirgðaákvæðið er því ekki lengur einungis miðað við árið 2015.

Meðfylgjandi eru útreikningar á ferðapátttökugjaldi félaga fyrir árið 2016.

Reglugerð KSÍ um ferðapátttökugjald

1. grein.

Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks skulu greiða ferðapátttökugjald skv. reglugerð þessari. Reglugerðin er sett á grundvelli samþykktar ársþings KSÍ 2015 og er tilgangur hennar að auka jöfnuð félaga gagnvart ferðakostnaði.

2. grein.

Ferðapátttökugjald skal reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir hverja deild fyrir sig og hvern riðil fyrir sig. Við útreikninga skal miðað við sérstakt kílómetragjald fyrir keppnisið í heild sinni, 200 kr. pr. kílómetra, og má því aðeins breyta þeirri upphæð með samþykkt ársþings. Vegalengdir milli keppnisstaða eru reiknaðar miðað við akstur milli leikstaða samkvæmt uppgefnum fjarlægðum á vef Vegagerðar ríkisins. Ferðapátttökugjaldið skal reiknað út fyrir hverja deild og er hver deild sjálfstæð við útreikning kostnaðar.

3. grein.

Ferðapátttökugjaldið skal greitt eigi síðar en 15. maí ár hvert og skal upphæðin vera nettó kostnaður á hvert félag fyrir sig. Félög sem eignast inneign komast hjá greiðslu gjaldsins, en þau skulu fá inneign greidda skv. útreikningum mótanefndar. Greiðsla til þeirra félaga skal innt af henti í tvennu lagi, eftir fyrri og seinni hluta móts.

Greiði félag ekki innan tilsettra tímamarka skal það greiða sekt til KSÍ kr. 5.000 pr. dag frá 17. maí að telja.

Bráðabirgðaákvæði: Nettókostnaður vegna ferðapátttökugjaldsins umfram kr. 75.000 á lið verður greiddur af KSÍ.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.